



# Skólabragur

## BRAG1SA01

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun haustönn 2019

### Kennarar:

Guðbjörg Grímsdóttir, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ægir Sigurðsson, Tómas Davíð Ibsen Tómasson, Ingunn Helgadóttir, Svanur Ingvarsson, Ásdís Björg Ingvarsdóttir, Guðmundur Björgvin Gylfason, Eva Dögg Atladóttir.

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur aðlagist vel nýju skólastigi og skólaumhverfi. Nemendur fá að kynnast þjónustu og úrræðum sem í boði eru – unnið er með hópeli, námstækni, forvarnir og heilsuefningu. Góð mæting og stundvísi, vinnusemi og vandvirkni eru forsendur þess að góður árangur náist.

### Markmið áfangans:

#### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- verkefninu heilsuefandi framhaldsskóli
- námskröfum skólans
- aðferðum til að skipuleggja tíma og nám
- uppsetningu námsferils
- leiðum til að takast á við álag í námi og daglegu lífi
- skólaumhverfinu og helstu starfsemi skólans.

#### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að setja sér markmið sem námsmaður og einstaklingur
- að setja saman námsferil
- að skipuleggja sig
- samskiptum.

#### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera sjálfbær
- skipuleggja námsferil sinn og ígrunda í samræmi við áhuga og markmið
- öðlast sjálfstraust í nýju skólaumhverfi
- vera meðvitaður um ábyrgð sína og skyldur sem fylgja auknu sjálfstæði
- öðlast sjálfstraust í samskiptum við ólíkar aðstæður.

**Námsefni:** Efni frá kennara.

### Sérreglur áfangans:

Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í allar kennslustundir, þar sem mæting er hluti af námsmati í þessum áfanga. Mentorar munu einnig fylgjast með þátttöku og virkni nemenda. Jákvæðni skilar árangri.

### Fyrirkomulag námsmats:

60% Mæting og virkni

40% Vinna með mentorum

## VINNUÁÆTLUN BRAGA HAUSTÖNN 2019

Dags	Hvað á að gera?	Miðvikudagsgat
19. – 23. ágúst	Kennsla hefst á þriðjudegi. Enginn bragatími þann daginn. Nýnemadagurinn í gær er ígildi fyrsta bragatíma. Yfirmentorar, mentorar og bragastjóri hittast. <b>Kennarar byrja alltaf tímann. Mentorar taka síðan við.</b>	Yfirmentorar, bragastjóri og mentorar funda um kennsluáætlun, nýnemaferð og það sem er framundan.
26. – 30. ágúst	<b>Kennari:</b> Kynnir áfangann og skólareglur. <b>Mentorar</b> hitta nýnema. Kynna sig og stigakeppnina. Stofna FB hóp. Velja nafn á hópinn.	Farið yfir hvað er á dagskrá í næstu viku – hópmynd. Einnig undirbúningur nýnemaferðar.
2. – 6. sept Foreldrakynning þri 3.sept	<b>Kennari:</b> Kynnir Innu, rifjar upp frá nýnemadeginum. Viðvera og fleira. <b>Mentorar:</b> Kynna nýnemaferð. Hópmynd.	Undirbúningur nýnemaferðar. Allar þrautir á hreinu og skipta kennurum niður á stöðvar. Kennarar boðaðir á stuttan fund í lokin og þeim fengið hlutverk og farið yfir ferlið.
9. – 13. sept.	<b>NÝNEMAFERÐ</b>	Fara yfir hvernig eigi að vinna úr fyrirlesturinum.
16. – 20. sept.	<b>Kennari:</b> Kynnir áfangann og skólareglur. <b>Mentorar:</b> Kynna fyrirlestur.	
23. – 27. sept.	<b>FYRIRLESTUR</b>	Mentorar mæta á fyrirlesturinn.
30. – 4. okt.	<b>Kennari:</b> Unnið úr fyrirlestri. Farið yfir miðannarmat. <b>Mentorar:</b> Vinna úr fyrirlestri með kennara.	Undirbúa appelsínuleit í næstu viku.
7. – 11. okt. Miðannarmat	<b>Kennari:</b> Kynnir Innu, hvernig á að velja? Hvar sést námsferill? Hvað er miðannarmat? <b>Mentorar:</b> Appelsínuleit.	
14. – 18. okt. Áfangamessa + verkefnadagar	<b>ÁFANGAMESSA</b> Braganemendur fara með blöð og eru undirbúnir undir áfangamessu.	
21. – 25. okt. Valdagur	<b>Kennari:</b> Tíminn nýttur í val. Nemendur velja og undirbúa námsferil sinn.	
28. – 1. nóv.	<b>Kennari:</b> Fer yfir þá þjónustu sem er í boði í skólanum (hjúkrunarfræðingur, áfangastjóri ...). Viðtöl við nemendur.	Undirbúningur þrauta í stofu fyrir næstu viku.
4. – 8. nóv.	<b>Kennari:</b> Kynnir ... <b>Mentorar:</b> Þrautir í stofu.	
11. – 15. nóv. Dagur íslenskrar tungu	<b>Kennari:</b> <b>Mentorar</b>	
18. – 22. nóv.	<b>Kennari:</b> Prófafyrirkomulag, sjúkrapróf, undirbúningur og fleira. <b>Mentorar</b>	
25. – 29. nóv.	<b>Kennari: og Mentorar Lokahátíð í salnum.</b>	
2. – 6. des. Síðasti kennsludagur	Braganemendur í fríi. Kennarar funda með bragastjóra og gera upp áfangann.	
9. – 13. des	<b>Námsmat alla vikuna</b>	
16. – 20. des.	<b>Sjúkrapróf mán 16.des – brautskráning á fös.20.des.</b>	